

## Leiðbeiningar eftir aðgerð – Svuntuaðgerð

1. Skurðir þínir hafa umbúðir í tveimur lögum. Innst eru þunnir plástrar og utaná eru umbúðapúðar sem taka við þeim fáu blóðdropum sem sjást á fyrsta sólarhring eftir aðgerð. Eftir 2-3 daga má taka burt ytri umbúðirnar, en þær innri (teipið) á að sitja á sínum stað fram að endurkomutímanum sem bókaður hefur verið.
2. Drenin sem þú fékkst í aðgerðinni eru dregin morguninn eftir af Andra eða reyndum hjúkrunarfræðingi.
3. Teipið þolir vatn, svo á þriðja degi skaltu fara í sturtu eftir að hafa fjarlægt umbúðapúðana (ytri umbúðirnar). Góð sturta fækkar bakteríum á húðinni, og minnkar því líkur á sýkingu. Eftir sturtuna geturðu þurrkað teipið með hárfurrku. Það er misskilningur að ekki megi koma vatn á nýja skurði. Íslenskt vatn og fljótandi sápa gera ekkert nema gagn til að hindra sýkingu. Svo skaltu fara í magabeltið að nýju.
4. Magabeltið sem við mælum með er Marena, þrískipt, sem fæst hjá *Fastus* í Síðumúla 14 ([www.fastus.is](http://www.fastus.is)) – sjá mynd hér neðan. Þau koma í mismunandi stærðum og bæði fyrir konur og karla. Þú skalt hafa það allan sólarhringinn fyrstu fjórar vikurnar, og að degi til næstu fjórar. Eftir þetta tímabil skaltu hætta að nota það vegna hættu á bakvandráðum sem koma af slöppum bakvöðvum. Ágætt er að eiga tvö magabelti, svo auðvelt sé að þvo þau.
5. Farðu vel með þig vikurnar eftir aðgerð. Ráðlegt er að sleppa vinnu í 2-3 vikur eftir aðgerðina. Þú skalt vera á fótum, en forðast alla líkamlega áreynslu fyrr en allt er gróið og bólgan hefur að mestu horfið.
6. Endurkomutíminn er bókaður eftir ca. viku. Í honum athugum við hvort gróandinn í skurðunum sé eðlilegur og gætum að sýkingareinkennum. Ekki er ráðlegt að sleppa þessum tíma, sama þó allir saumar séu undir húðinni og þér líði vel.
7. Í um það bil helmingi tilvika safnast svolítill vökvi saman undir húðinni á skurðsvæðinu., svokallað *seroma*. Þetta er eðlilegt, og vökvinn hverfur á örfáum vikum. Einungis er stungið og tappað af þessum vökva í undartekningartilfellum vegna sýkingarhættu.
8. Ef skyndilega tekur að vessa úr einhverjum skurði, það myndast roði og verkur, eða þú færð hita skaltu hafa samband við Andra. Fremur auðvelt er að greina mögulega sýkingu gegnum síma (ljósmyndir / video). Ef þörf krefur kallar Andri þig til skoðunar á stofu og ávísar sýklalyfjum. Þér verður svo fylgt eftir þar til sýkingin er horfin. Vinsamlegast athugið að sýklalyf eru aldrei gefin fyrirbyggjandi, það eykur bara líkurnar á að rækta fram ónæmar bakteríur.
9. Ef í nauðirnar rekur má senda SMS eða hringja beint í Andra: 853 5403
10. Mundu að endanlegur árangur aðgerðarinnar kemur ekki í ljós fyrr en að minnsta kosti 6 mánuðir hafa liðið frá aðgerðardegi.

### Marena magabelti þrískipt 9"

Vörunúmer: MAREBS3-U-W



**9.900 kr. stk**

Þrýstingmagabelti með frónskum rennilás sem veitir góðan stuðning.  
Hentar fyrir konur eftir aðgerðir.

1	setja í brenni
FRASPUA	